



Alþingi

Erindi nr. Þ 120/1387

komudagur 12/4 1996

VERKALÝÐSFÉLAG A.-HÚNVETNINGA
ÞVERBRAUT 1 - 540 Blönduósi - Sími 95-24932 - Fax 95-24634

Skrifstofa Alþingis

Sendum hér umbeðið svar til félagsmálanefndar ásamt afriti sem óskast dreift til allra þingmanna.

Með fyrirfram þökk.

Blönduósi 11. apríl 1996
F.h. Verkalýð-félag A-Húvvetninga


Valdimar Guðmannsson



VERKALÝÐSFÉLAG A.-HÚNVETNINGA

DVERBRAUT 1 – 540 Blönduósi – Sími 95-24932 – Fax 95-24634

**Félagsmálanefnd Alþingis.
b.t. Kristín Ástgeirsdóttir.**

Verkalýðsfélag Austur-Húvetninga hefur kynnt sér frumvarp um breytingu á lögum nr.80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Á fundi í stjórn og trúnaðarmannaráði félagsins þann 9/4 1996, var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Ljóst er að frumvarpið er alvarleg íhlotun í innri mál stéttarfélaganna t.d. virðist það eitt megin markmið frumvarpsins að færa völd og áhrif frá þeim félagsmönnum sem mæta á fundi félaganna, til þeirra sem heima sitja og mæta ekki. Þá er vald sáttasemjara gert ótrúlega mikið.

Tillaga að stofnun vinnustaðafélaga er fyrirbæri sem er með öllu óskiljanlegt frá aðilum sem alltaf hafa kvartað yfir of mörgum viðsemjendum.

Verkalýðsfélag A-Húvetninga skorar því á félagsmálanefnd alþingis að vísa frumvarpinu frá eða gefa ríkisstjórninni kost á að draga það nú þegar til baka og gefa aðilum vinnumarkaðarins kost á að klára samninga um samskiptareglur á vinnumarkaðinum.

f.h. Verkalýðsfélags A-Húvetninga

Valdimar Guðmannsson.

afrit sent: Ráðherrum, öllum þingmönnum, A.S.Í. og fjölmiðlum.

Mánudaginn 25. mars 1996 var haldinn fundur á vegum verkalyðsfélaga á Norðurlandi vestra, í samvinnu við ASÍ, um frumvarp það sem liggur fyrir til breytinga á vinnulöggjöfnni. Framsögumenn voru þeir Benedikt Davíðsson, forseti ASÍ og Gylfi Arnbjörnsson, hagfræðingur. Þá var kynnt frumvarp það sem samið hefur verið til breytinga á atvinnuleysistryggingum, en framsögumaður þar var Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar. Fundarstjóri var Valdimar Guðmannsson, formaður AN, en fundinn sátu fast að 70 manns. Á fundinum var gerð svofelld ályktun.

Almennur fundur fulltrúa verkalyðsfélaga á Norðurlandi vestra haldinn í Varmahlíð 25. mars 1996, fordæmir það frumvarp sem lagt hefur verið fyrir Alþingi til breytinga á vinnulöggjöfnni og virðist eiga að knýja í gegn um þingið í fullkominni andstöðu við verkalyðshreyfinguna. Um langt árabíl hafa talsmenn verkalyðshreyfingarinnar lagt áherslu á að þær reglur sem ætlaðar eru til samskipta á vinnumarkaðinum þurfi að vera sanngjarnar og að um þær þurfi að ríkja sæmileg sátt. Í þeim skilningi taldi vllhr. rétt að setjast að samningaborði um ýmis atriði sem betur mættu fara. Þegar svo félagsmálaráðherra tók málið úr höndum samningamanna þá kemur útúr því plagg sem með öllu er óviðunandi. Gengið er þar inni innri málefni félaganna, settar fram fráleitar hugmyndir um atkvæðagreiðslur og tillögur um vinnustaðafélög sem fyrst og fremst er ætlað að grafa undan sjálfstæði og tilveru stéttarfélaganna í núverandi mynd. Með því hefur ríkisstjórnin tekið einhliða undir málflutning atvinnurekenda um breytingar á samskiptareglum, í stað þess að hlusta á sjónarmið beggja aðila. Í frumvarpinu eru ýmis atriði sem rýra rétt launafólks og eru óskynsamleg og í sumu fráleit og til þess fallin að rýra sjálfstæði stéttarféлага, sem ætla verður að sé einn megintilgangur frumvarpsins. Fundurinn krefst þess að ríkisstjórnin dragi frumvarpið til baka og gefi þannig aðilum vinnumarkaðarins færi á að ná samningum um eðlileg samskipti. Eðlileg samskipti verða aldrei nema að verkalyðshreyfingin sé sátt við þær reglur sem gilda. Skorar fundurinn sérstaklega á þingmenn kjördæmisins að koma að þessu máli og hjálpa til við að leiða ríkisstjórnina inná réttari brautir.